

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2025

2025/EES/38/32

frá 14. mars 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1651 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sértækar mælingar á lausafjárstöðu verðbréfafyrirtækja skv. 6. mgr. 42. gr. þeirrar tilskipunar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1668 frá 25. maí 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru mælingar á áhættu eða áhættuþáttum sem falla ekki, eða falla ekki nægilega vel, undir kröfur vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í þriðja og fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033 og leiðbeinandi eigindlegar mælistikur fyrir fjárhæðir viðbótareiginfjárgrunns ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 19dg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1119) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„19dh. **32023 R 1651**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1651 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sértækar mælingar á lausafjárstöðu verðbréfafyrirtækja skv. 6. mgr. 42. gr. þeirrar tilskipunar (Stjtið. ESB L 208, 23.8.2023, bls. 3).

19di. **32023 R 1668**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1668 frá 25. maí 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2034 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru mælingar á áhættu eða áhættuþáttum sem falla ekki, eða falla ekki nægilega vel, undir kröfur vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í þriðja og fjórða hluta reglugerðar (ESB) 2019/2033 og leiðbeinandi eigindlegar mælistikur fyrir fjárhæðir viðbótareiginfjárgrunns (Stjtið. ESB L 214, 31.8.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2023/1651 og (ESB) 2023/1668, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2025 frá 14. mars 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 208, 23.8.2023, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 214, 31.8.2023, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 2025/986, 12.6.2025 og EES-viðbætur nr. 38, 12.6.2007, bls. 43.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.